

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK

## SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

### 180. FUNDUR.

180. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 3. mars árið 2011 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Áður en gengið var til dagskrár bar oddviti upp tillögu um að fella niður 2. dagskrárlið, þar sem fundi félagsmálaráðs sem halda átti 2. mars s.l. var frestað. Samþykkt samhljóða.

Gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.

**Fundargerð 682. fundar** frá 14. febrúar s.l. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 683. fundar** frá 21. febrúar s.l. Fundargerð í 11 liðum.

Lögð fram eftirfarandi bókun vegna 1. liðar „Sveitarstjórn Húnaþings vestra vill áréttta að gagnkvæmur uppsagnarfrestur í leiguíbúðum sveitarfélagsins er að lágmarki þrjú mánuðir.“ Fyrsti liður fundargerðarinnar borinn upp og samþykktur með 7 atkvæðum Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 684. fundar** frá 28. febrúar s.l. Fundargerð í 8 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga vegna 7. liðar „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela sveitarstjóra að auglýsa laust til umsóknar 80% starf íþrótt- og tómstundafulltrúa sveitarfélagsins frá og með 1. apríl nk. Nokkrar breytingar verða gerðar á starfinu m.a. að umsjón með íþróttavallasvæðum, umhirðusamningum og skólagörðum færist undir ábyrgðarsvið umhverfisstjóra auk þess sem dregið verður úr vaktaskyldu íþrótt- og tómstundafulltrúa í íþróttamiðstöð en hún að sama skapi aukin í félagsmiðstöð.“ 7. liður ásamt framangreindri tillögu borinn upp og samþykktur með 7 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga vegna 8. liðar „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að standa að umsókn USVH um að taka að sér framkvæmd með fyrsta Landsmóti UMFÍ 50+ sumarið 2011.“ 8. liður ásamt framangreindri tillögu borinn upp og samþykktur með 5 atkvæðum. Anna María Elíasdóttir og Elín Jóna Rósinberg véku af fundi við afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. 5. liður borinn upp og samþykktur með 6 atkvæðum. Stefán E. Böðvarsson vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

### Fundargerðir nefnda.

### 2. Fundargerð fræðsluráðs, oddviti kynnti.

**Fundargerð 119. fundar** fræðsluráðs frá 1. mars s.l. Fundargerð í 2 liðum.. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

### **3. Fundargerðir landbúnaðarráðs, sveitarstjóri kynnti.**

**Fundargerð 101. fundar** frá 23. febrúar s.l. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin samþykkt með 6 atkvæðum. Þorbjörg I. Ásbjarnardóttir vék af fundi við afgreiðslu fundargerðarinnar vegna vanhæfis.

**Fundargerð 102. fundar** frá 28. febrúar s.l. Fundargerð í 1 lið. Lögð fram eftirfarandi tillaga vegna 1. liðar, „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðar tillögur landbúnaðarráðs með þeirri undantekningu að ákvörðun um að ekki verði greidd verðlaun fyrir refi veidda utan grenjatíma verði tekin til endurskoðunar vorið 2012.“

Tillagan og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum. Þorbjörg I. Ásbjarnardóttir vék af fundi við afgreiðslu fundargerðarinnar vegna vanhæfis.

### **4. Fundargerð menningar-og tólmstundaráðs, oddviti kynnti.**

**Fundargerð 95. fundar** frá 28. febrúar s.l. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

### **5. Fundargerð skipulags-og umhverfisráðs, oddviti kynnti.**

**Fundargerð 194. fundar** frá 1. mars s.l. Fundargerð í 5 liðum. Lögð fram eftirfarandi bókun vegna 1. liðar „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða deiliskipulagsbreytingu.“ 1. liður ásamt ofangreindri tillögu borinn upp og samþykktur með 7 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga vegna 2. liðar, „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir leyfisveitinguna fyrir sitt leyti.“ 2. liður ásamt ofangreindri tillögu borinn upp og samþykktur með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

### **6. Málefni Sp-Kef sparisjóðs.**

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi bókun vegna málefna Sp-Kef sparisjóðs.“

„Árið 2007 var samþykkt að Sparisjóður Húnaþings og Stranda sameinaðist Sparisjóði Keflavíkur. Í tengslum við þann samruna var stofnfé Sparisjóðs Húnaþings og Stranda aukið í samtals 1,9 milljarð kr. í tveimur áföngum. Allir stofnfjáraðilar nýttu forkaupsrétt sinn við aukningu stofnfjárins og Húnaþing vestra jók þannig stofnfjáreign sína um samtals 160 milljónir kr. Mikill meirihluti stofnfjáreigenda fjármagnaði stofnfjárukninguna með lántöku og stóðu aðilar í þeirri góðu trú, í samræmi við kynningu stjórnenda og starfsmanna, að stofnfé þeirra væri eina trygging til lánveitenda fyrir lántökunni og var þá einnig vísað til ákvæða laga um skyldu sparisjóða til að leysa til sín stofnfé á genginu 1.

Ljóst er að staða fjölmargra einstaklinga, tuga heimila og sveitarfélagsins er grafalvarleg vegna þessa máls og sú óvissa sem ríkt hefur um lausn þess er algerlega óviðunandi.

Allt frá útgáfu skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis á falli íslenska bankakerfisins hafa stofnfjáreigendur í fyrrum Sparisjóði Húnaþings og Stranda beðið þess að Alþingi skipaði sérstaka rannsóknarnefnd um orsakir falls sparisjóðanna í landinu og starfsemi þeirra fyrir og eftir efnahagshrunið árið 2008. Það veldur mikilli óánægju og vekur furðu hve skipan þeirrar nefndar hefur dregist þrátt fyrir að ítrekað hafið verið kallað eftir skipan hennar. Sveitarstjórn Húnaþings vestra krefst þess af Alþingismönnum Norðvesturkjördæmis að þeir hlutist nú

þegar til um skipan nefndarinnar. Ítreka skal fyrri ályktanir sveitarstjórnar Húnaþings vestra um að í þeirri rannsókn verði Sparisjóður Keflavíkur, staða hans, starfshættir og samruni við aðra smærri sparisjóði tekin til sérstakrar rannsóknar.

Fréttáflutningur sl. vikna af málefnum, stöðu og starfsháttum Sparisjóðs Keflavíkur sem m.a. er byggður á áðurnefndri skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis og skýrslu Fjármálaeftirlitsins um starfshætti sparisjóðsins frá september 2008 vekur furðu og reiði í Húnaþingi. Því vill sveitarstjórn Húnaþings vestra beina þeim eindregnu tilmælum til stjórnenda Sp-Kef sparisjóðs að þeir einbeiti sér að því að gæta stöðu sinnar í héraðinu og að nú þegar verði látið af hvers kyns innheimtuaðgerðum gagnvart stofnfjáreigendum sem tóku lán til stofnfjárkaupa á meðan mikil óvissa ríkir um lögmæti þeirra krafna, sbr. nýfallna dóma í málefnum stofnfjáreigenda í Byr.“

Ofangreind bókun borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 17:20

---

Leó Örn Þorleifsson.

---

Stefán Einar Böðvarsson.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Ragnar Smári Helgason.

---

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari

---

Þorbjörg I. Ásbjarnardóttir.

---

Anna María Elíasdóttir